

Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins

haldinn á TEAMS fimmtudaginn 22. ágúst 2024, kl. 8:30.

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Innviðamál

GF fór yfir rafmagnsmál. Komnar eru fram verðhugmyndir frá RARIK vegna nýrrar heimtaugar og spennis vegna rafmagns í Þjóðveldisbæinn. Straumur verður 350 amper (A) sem ætti að vera vel rífllegt og duga Þjóðveldisbænum vegna þeirrar starfsemi sem þar er og verður. Þá gefur þetta möguleika á að hraðhleðslustöð verði sett upp síðar.

GF upplýsti að hann hefði fengið samþykki frá Landsvirkjun að greiða fyrir þessa framkvæmd. GF leggur jafnframt til að farið verði strax í verkefnið þar sem annars gæti bærinn lent í vandræðum næsta sumar með rafmagnsmál.

VJ lýsti ánægju sinni að Landsvirkjun stæði straum af þessum kostnaði. Stjórn sammála um að fara í þessa framkvæmd og GF falið að fylgja því eftir.

GF upplýsti að hann hefði átt samtal við Harald Þór Jónsson oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi nýja rotþró. Umræður lúta m.a. að aðkomu sveitarfélagsins vegna hennar og hvort þau taki þátt í kostnaði. GF mun halda áfram þessum viðræðum.

BHÁ ræddi skipulagsmál. Deiliskipulagstillagan hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og er á leið í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Auglýsingin hefur þó ekki enn verið birt en BHÁ telur að mögulega hafi birting frestast vegna sumarleyfa.

Þegar deiliskipulagið verður gengið í gegn lítur hússtjórn svo á að það sé á forræði sveitarfélagsins að semja við rekstraraðila um leyfi til aðstöðu á lóðinni. Hússtjórnin er þó sammála um að það sé mikilvægt að hún sé hluti af því samtali og fái að sjá samninga áður en þeir eru gerðir til að gæta hagsmuna Þjóðveldisbæjarins. BHÁ falið að gæta að þessu.

BHÁ ræddi einnig um fyrirhugaða uppbyggingu sveitarfélagsins varðandi bílastæðamál, m.a. við Stöng og Þjóðveldisbæinn.

Viðhaldsverkefni vegna bæjarhússins

HÞ sagði frá fundi sínum með Unnsteini Elíassyni, hleðslu- og handverksmanni. HÞ sendi stjórnarmönnum fundarfrásögn af fundi sínum með Unnsteini sem fram fór 5. júlí í sumar, sjá tölvupóst frá HÞ, dags. 11. júlí 2024. Unnsteinn er tilbúinn í samstarf við hússtjórnina um viðhald Þjóðveldisbæjarins í áföngum og óskaði eftir að hitta stjórnina og funda til að fara yfir málið. Unnsteinn tók þó fram að hann gæti ekki sett fram kostnaðaráætlun til margra ára fram í tímann en er tilbúinn til að ræða við stjórn um viðgerðir og viðhald í áföngum.

BHÁ nefndi möguleika á að setja saman hóp um viðhald og viðgerðir á bænum og benti á Margrétu Hallmundsdóttur í því samhengi. Stjórn sammála um að slíkur hópur gæti verið gagnlegur.

Stjórn sammála um að nota næsta fund stjórnar til að funda með Unnsteini í Þjórsárdal og skoða um leið bæinn með honum.

HÞ sýndi teikningar Harðar Ágústssonar af bænum sem og ljósmyndir frá byggingu bæjarins. Á myndunum má sjá hvernig steinsteyptu veggirnir í bænum liggja. Þessi gögn eru mikilvæg heimild um byggingu bæjarins.

VJ varpaði fram þeirri hugmynd hvort gera mætti t.d. sýningu um sögu og byggingu Þjóðveldisbæjarins sem væri afar áhugaverð. HÞ bætti við að setja mætti þá sögu í samhengi við byggingu tilgátuhúsa og handverksins sem óáþreifanlegs menningararfs. HÞ benti á að strax eftir byggingu bæjarins hefði komið fram gagnrýni á framkvæmdina og áhugavert væri að setja fram þessa sögu með umburðarlyndi og í samhengi við þróun og hugmyndir um byggingu tilgátuhúsa.

Stjórn sammála um að kanna nánar möguleika á slíkum viðburði sem jafnvel mætti tengja við 50 ára afmæli bæjarins árið 2027.

GF sýndi myndir sem hann tók í sumar af ástandi bæjarins, að innan og utan. Af myndunum má ljóst vera að ýmsar skemmdir eru á bænum sem þarfnast lagfæringar. Þá er ljóst að veggir hafa sigið. GF ítrekaði það sjónarmið að mögulega þurfi að kanna um öryggi burðarvirkis innan í bænum og að mögulega sé óskynsamlegt að vera með steinhellur í lofti.

GF sýndi einnig samantekt úr eldri gögnum hússtjórnar um það viðhald sem hefur farið fram á bænum. Gögnin ná ekki lengra aftur en til 2010. Bæði má sjá umfjöllun í fundargerðum stjórnar um einstök viðhaldsverkefni og einnig má sjá hver bókfærður kostnaður vegna þeirra var eftir árum.

GF ræddi það verkefni að gera viðhalds- og kostnaðaráætlun varðandi nauðsynlegt viðhald bæjarins. Slík áætlun þarf að gefa raunsanna mynd af verkefnum og kostnaði.

Rekstur í sumar

GF hefur lítið átt í samskiptum við rekstraraðila en heyrði í þeim í sumar. Reikna má með því að aðsóknartölur séu heldur minni heldur en rekstraraðilar gerðu sér vonir um. Slíkt má væntanlega rekja til minni straums erlendra ferðamanna til landsins og eins var veðurfar í sumar óskemmtilegt.

Rekstrarmál hússtjórnar

GF hefur áfram unnið að því að lækka fastan kostnað sem hússtjórn greiðir, t.d. með því að setja upp ýmsum áskriftum sem ekki eru lengur nauðsynlega. Erfitt hefur reynst að segja upp posa-áskrift en talið var nauðsynlegt að afrita gögn um posa-greiðslur fyrri ára. GF hefur ráðfært sig við bókhaldssérfræðinga hjá Landsvirkjun og telur nú öruggt að segja upp áskriftinni. Um er að ræða fastan kostnað upp á u.þ.b. 20. Þús.kr. á mánuði. GF fylgir þessu eftir

Einnig rætt um lén og heimasíðu Þjóðveldisbæjarins. BHÁ hafði áður nefnt að sveitarfélagið myndi mögulega taka yfir heimasíðuna og kostnað. Einnig rætt um að rekstraraðilar myndu vilja gera það. VJ benti á að skv. nógildandi máldaga hefði hússtjórnin ákv. skyldur varðandi miðlunar og fræðsluhlutverk. Vefsíðunni hefði líklega verið ætlað hlutverk í því sambandi. Ákveðið að hinkra með að segja upp áskrift að léni og heimasíðu þar til máldagi hefur verið endurskoðaður og hlutverk hússtjórnar skýrt betur.

Endurskoðun máldaga

VJ og GF upplýstu að þau hefðu hafið vinnu við endurskoðun máldaga. Eins og áður hefur komið fram er stjórn sammála um að endurskoða hann m.t.t. hvernig rekstri Þjóðveldisbæjarins er raunverulega háttað. VJ kannar nú möguleika til aukningar á reglulegu fjárframlagi ríkisins til bæjarins. GF hefur kannað hugmyndir Landsvirkjunar varðandi árlegt framlag. Eins var rætt um aðkomu sveitarfélagsins að máldaganum og rekstri. BHÁ taldi mikilvægt að skilgreina vel hlutverk sveitarfélagsins í því samhengi og taldi góðar líkur á að sveitarfélagið myndi vilja taka þátt í kostnaði með reglulegu fjárframlagi. Rætt um mikilvægi þess að fyrir liggi raunsönn viðhalds- og kostnaðaráætlun og framtíðarsýn á reksturinn. Slíkt væri nauðsynlegt fyrir aðila máldagans eigi þeir að leggja aukið fjármagn til bæjarins. Í þessu samhengi ræddi VJ einnig möguleika á einskiptis fjárframlagi til viðhalds og/eða sýningargerðar í tengslum við afmæli bæjarins 2027. VJ og GF munu taka endurskoðunina áfram fyrir næsta stjórnarfund í því augnamiði að ræða þá orðalag og ákvæði um hlutverk o.s.frv.

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði í Þjórsárdal 26. september og að það tækifæri verði jafnframt notað til fundar með Unnsteini hleðslu- og handverksmanni og skoðunar á bænum. Um verði að ræða vinnufund til að ganga betur frá framkvæmdaáætlun vegna viðhalds, ræða kostnaðar- og rekstraráætlun sem og endurskoðun máldaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.